Danska – 8. Bekkur

Kennarar

Brynhildur Steindórsdóttir
brynhildur.steindorsdottir@reykjavik.is

Lýsing

Danska er kennd í 4,5 kennslustundir á viku í þremur klukkustundarlöngum lotum. Kennsluáætlunin gefur upplýsingar um nám nemenda, námsefni og námsmat. Hún er birt með fyrirvara um breytingar.

Markmið

Megintilgangur náms í dönsku er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota tungumálið sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Hæfni og kunnátta í dönsku gerir nemendum kleift að vera virkir þátttakendur í norrænu samstarfi, námi, starfi og leik.

Náms- og matsþættir í dönsku eru:

- Hlustun og áhorf (20%)
- Lestur og lesskilningur (20%)
- Samskipti (10%)
- Frásögn (20 %)
- Ritun (20%)
- Menningarlæsi (10%)

Námsefni

- Smart, les- og vinnubók
- Tak, les- og vinnubók
- Alarm, léttlestrarbók
- Námsefni og vinnuhefti frá kennurum

Kennsluaðferðir

Kennslustundir hefjast á að kennari útskýrir viðfangsefni kennslustundarinnar og lagt er upp úr að allir nemendur taki þátt um efnið út frá samræðumiðaðri kennslu. Þeir sem þurfa frekari útskýringar fá þær með einstaklingsmiðaðri leiðsögn.

Nemendur vinna sjálfstætt eða í félagi við samnemendur að lausnum viðfangsefna kennslustundarinnar.

Danska er kennd í sjö mislöngum námslotum yfir veturinn. Misjöfn eru viðfangsefnin í hverri námslotu og við lok hverrar námslotu er námsmat. Það er á ábyrgð nemanda að fylgja áætlun, skila verkefnum og mæta í próf.

Námsmat

Námsmat í dönsku er fjölbreytt og tekur mið af ólíkum þáttum í námi nemenda. Námsmat getur meðal annars verið í formi skriflegra prófa, hlustunarprófa, einstaklings- og hópverkefna og kynninga.

Markmiðið er að gefa nemendum fjölbreytt tækifæri til að sýna þekkingu sína, færni og skilning á dönsku. Nám og kennsla eru skipulögð út frá hæfniviðmiðum aðalnámskrár.

Námslotur

1. lota: 24. ágúst – 30. október

Orðabókaverkefni og Skolen

Nemendur rifja upp færni sína í notkun orðabóka. Námsmat fer fram með orðabókakönnun.

Nemendur vinna 3. kafla í námsbókinni *Smart*. Unnið er með orðaforða og texta tengda skólanum og daglegu skólalífi. Áhersla er lögð á að efla lesskilning, hlustun og ritun á dönsku. Námsmat fer fram með skriflegu kaflaprófi og hlustunarprófi.

2. lota: 2. nóvember – 8. desember

Hjemmet

Nemendur vinna 1. kafla í námsbókinni *Tak*. Unnið er með orðaforða og texta tengda heimilinu og daglegu lífi. Áhersla er lögð á lesskilning, hlustun, samskipti og ritun á dönsku. Námsmat fer fram með skriflegu kaflaprófi og hlustunarprófi.

3. lota: 9. desember – 16. desember

Jul og julebagning

Nemendur vinna vinnuhefti. Unnið er með orðaforða og texta tengda jólahátíðinni. Áhersla er lögð á lesskilning, hlustun og samskipti. Námsmat er í formi myndbands eftir jólabakstur nemenda.

4. lota: 5. janúar – 5. febrúar

Familien

Nemendur vinna 2. kafla í námsbókinni *Tak*. Unnið er með orðaforða og texta tengda fjölskyldunni og fjölskyldutengslum. Áhersla er lögð á lesskilning, hlustun, samskipti og ritun á dönsku. Námsmat fer fram með skriflegu kaflaprófi og hlustunarprófi.

5. lota: 8. febrúar – 16. mars

Fritid og interesser

Nemendur vinna 3. kafla í námsbókinni *Tak*. Unnið er með orðaforða og texta tengda frítíma og áhugamálum. Áhersla er lögð á lesskilning, hlustun, samskipti, ritun og að nemendur geti lýst fjölbreyttum tómstundum. Námsmat fer fram með skriflegu kaflaprófi og hlustunarprófi.

6. lota: 30. mars – 7. maí

Mit liv

Nemendur vinna með efni sem tengist daglegu lífi þeirra. Nemendur nýta orðaforða úr 1., 2. og 3. kafla í námsbókinni *Tak* er tengist heimili sínu, fjölskyldu sinni og áhugamálum sínum. Áhersla er lögð á lesskilning, hlustun og ritun. Námsmat er í formi glærukynningar og munnlegum flutningi á dönsku.

7. lota: 10. maí – 4. júní

Alarm

Nemendur lesa léttlestrarbókina *Alarm* og svara spurningum um efni og persónur í köflunum. Áhersla er lögð á lesskilning og orðaforða. Námsmatið er í formi bókagagnrýni sem nemendur vinna úr efni bókarinnar.

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá

Unnið verður með eftirfarandi hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskóla:

- Hlustun og áhorf (20%)
  - Frásagnir og kynningar
  - Fjöl- og myndmiðlar
  - Greining upplýsinga
- Lestur og lesskilningur (20%)
  - Greining aðalatriða
  - Rauntextar
  - Bókmenntir
  - Aðrar námsgreinar
  - Orðaforði
- Samskipti (10%)
  - Óformlegt samtal
  - Almenn samskipti
  - Samræður
- Frásögn (20 %)
  - Tjáning
  - Frásögn og kynning
  - Flutningur
- Ritun (20%)

    - Samfelldur texti
    - Málnotkun
    - Endursögn
    - Persónuleg reynsla
    - Skapandi ritun
- Menningarlæsi (10%)
    - Samfélag
    - Fjölbreytileiki
    - Skyldleiki og afbrigði tungumála